

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Ísfélag Vestmannaeyja Þórshöfn



<b>Dags eftirlits</b>	27.9.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Ísfélag Vestmannaeyja	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Eyrarvegur 16	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6601691219	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Rafn Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Kristinn Lárusson	<b>Staðsetning</b>	664973,026 638339,856

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram 1 nýtt frávik frá starfsleyfi er varðar skil á heildarúttekt á losun mengandi efna sem átti að skila fyrir 1. maí 2016.

Eldra frávik er enn útafstandandi varðandi ryk í útblæstri frá olíubrennurum. Losunarmörk fyrir ryk eru sett við 100 mg/Nm<sup>3</sup> (miðað við 3% súrefni). Mælingar á ryki frá febrúar 2015 sýna að allir katlarnir eru yfir losunarmörkum fyrir ryk. Eftirfylgni með þessu mun halda áfram.

Auk þess voru gerðar þrjár athugasemdir í eftirlitinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Sest var niður með Rafni Jónssyni og Kristni Lárussyni og byrjað var á að fara yfir gagnaskil samkvæmt starfsleyfinu.

1. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar sbr. grein 1.5 skyldi fullkláruð fyrir árslok 2015, en lá fyrir í drögum þegar nú var komið í eftirlit. Athugasemdum eftirlitsaðila frá fyrra ári hafði ekki verið sinnt og var aftur bent á að klára þyrfti áætlunina. Áætlunin tekur til frágangs á úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði og tækjum ef til rekstrarstöðvunar kæmi.

2. Eins hafði athugasemdum eftirlitsmanns síðast árs við viðbragðsáætlun rekstraraðila sbr. 4.4 ekki verið nægjanlega sinnt. Krafa var um að uppfæra áætlunina, gera símanúmer viðbragðsaðila (112) áberandi og hafa áætlunina meira sýnilega í verksmiðjunni.

3. Útstreymisbókhald sbr. grein 3.3 barst á réttum tíma en grænu bókhaldi sbr. grein 3.3 var skilað of seint, en það skal berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hver en barst loks 23. september sl.

4. Mæling á útblæstri frá olíubrennurum (rykmæling) ásamt útblásturshraðamælingu hefur verið skilað og var skráð frávik frá kröfum í starfsleyfi við magn ryks í útblæstri í eftirliti síðasta árs (2015). Útblásturshraði var útreiknaður fyrir þrengingu efst í skorsteini og fékkst útblásturshraði upp á 22,1 m/s.

5. Losunarmörk í frárennsli sbr. 2.17 hafa verið sett. Fitu, svifefni og COD skal mæla árlega í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir 1 sólarhring. Niðurstöður mælinga fyrir árið 2016 hafa ekki borist.

6. Enn hafa niðurstöður heildarúttektar á losun mengandi efna sbr. grein 5.2 ekki borist Umhverfisstofnun, en rekstraraðila var gert að skila skýrslu þar að lútandi fyrir 1. maí 2016. Þetta telst frávik frá kröfum í starfsleyfi.

7. Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar sbr. grein 4.6 hefur verið skilað.

8. Mælingum á hávaða sbr. grein 3.4 var skilað á réttum tíma.

9. Bent er á að í samræmi við grein 2.21 skal rekstraraðili skila inn til Umhverfisstofnunar staðfestingu á að notkun flotgirðingar sé æfð á a.m.k. fimm ára fresti.

Farið var yfir skráningar samanber grein 3.1 í starfsleyfi.

Krafa eru um skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði. Skráð sé hvenær fitugildir og olíugildir eru tæmdar og skráningar á úrgangi sem fellur til við framleiðsluna. Ekki er gerð athugasemdir við þessar skráningar og fram kom að engin mengunaróhöpp hafa orðið á síðasta ári.

Vel er haldið utan um skráningar á þrifum samkvæmt hreinlætisáætluninni.

Þá var farið yfir eftirlitsmælingar á hráefni verksmiðjunnar (grein 3.2 í starfsleyfi).

TVN skýrslur berast hægt. Í eftirlitinu var afhent skráningarblað sem nær yfir tímabilið 3. ágúst til 19. september sl. Hitastig hráefnis er ekki skráð. Í starfsleyfi, grein 3.2 er gerð krafa um daglegar mælingar á TVN gildi og hitastigi hráefnis. Bæta þarf mælingar / skráningar á ástandi hráefnis.

Að loknum eftirlitsfundi var gengið um verksmiðjuna og lóðina. Verksmiðjan var ekki í gangi og allt snyrtilegt um að litast. Gengið var um verksmiðjuna frá hráefnismóttöku yfir til sjóðara, pressa, skilvinda, eimingartækja, þurrkara, kæla, mjölkvarna, mjölsekkjunar og mjölgeymslu. Utandyra var farið inn í þróna um lýsisgeyma að hráefnisgeymum. Skoðaðar lýsislagnir niður á bryggju og svartolíu- (grunnolíu-)lagnir og daggeymi við olíubrennara. Þrír olíubrennarar eru í ketilhúsi og allur umbúnaður snyrtilegur.

**Frávik frá**

ákvæði í grein 5.2

**Lýsing á fráviki**

Umhverfisstofnun hefur ekki borist niðurstöður heildarúttektar á losun mengandi efna sem átti að ljúka fyrir 1. maí 2016.

**ATHUGASEMDIR**

1. Ljúka þarf áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar sbr. grein 1.5
2. Ljúka þarf viðbragðsáætlun vegna hættu á losun mengandi efna út í umhverfið.
3. Skrá þarf ástand hráefnis skilmerkilega. Krafa er um að TVN gildi og hitastig hráefnis sé skráð daglega.


**ANNAÐ**

1. Grænu bókhaldi var skilað of seint.
2. Niðurstöður árlegrar mælingar á fitu, svifögnum og COD í frárennsli frá fitugildru og örum hreinsibúnaði hafa enn ekki borist.
3. Bent er á að eftir æfingar með flotgirðingu hafnarinnar skal skila til Umhverfisstofnunar staðfestingu á að æfing í notkun flotgirðingar hafi farið fram.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 31.10.2016



Gottskálk Friðgeirsson